

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. mars 2017

Efni: Umsögn vegna þingsályktunartillögu um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingarbanka, þingskjal 135 – 78. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Arion banka hf. um tillögu til þingsályktunar um aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka, 78. mál á 146. löggjafarþingi. Tillaga að ályktun er eftirfarandi: „Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að útbúa lagafrumvarp sem tryggji aðskilnað starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka með það að markmiði að lágmarka áhættu þjóðarbúsins vegna bankareksturs og minnka líkur á tjóni almennings af völdum áfalla í bankastarfsemi. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi á 147. löggjafarþingi.“

Arion banki hf. þakkar fyrir tækifærið til að leggja fram umsögn.

Inngangur

Aðskilnaður viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi hefur verið nokkuð til umræðu hér á landi síðustu ár. Nefnd hafa verið þau rök í umræðunni að aðskilnaður sé til þess fallinn að lágmarka áhættu þjóðarbúsins og líkur á tjóni almennings vegna áfalla í bankastarfsemi. Menn vilja vitanlega koma í veg fyrir að það fjármálaáfall sem reið yfir á árinu 2008 endurtaki sig með einhverjum hætti og tefla í því sambandi fram hugmynd um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi.

Arion banki telur í fyrsta lagi að hvorki sé skýrt af umræddri tillögu né umræðunni hér á landi hvað átt sé við með fjárfestingabankastarfsemi. Þá telur bankinn að áhætta af fjárfestingabankastarfsemi á Íslandi sé ofmetin. Einnig telur bankinn að þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið á árunum eftir hrun, og fyrirhugað er að gera, séu nægjanlegar til að lágmarka áhættu þjóðarbúsins vegna bankareksturs og minnka líkur á tjóni almennings af völdum áfalla í bankastarfsemi, eins og markmiðinu er lýst í tillögunni. Loks vill bankinn færa fram frekari rök gegn aðskilnaði.

Hvað er fjárfestingabankastarfsemi – hver er áhættan?

Umræðan um aðskilnað kviknaði í tengslum við uppbyggingu og endurnýjun fjármálakerfisins eftir fjármálaáfallið þegar leitað var að leiðum til að tryggja *fjármálastöðugleika*. Samhliða þeirri umræðu hefur verið fjallað um *samkeppnisumhverfi* fjármálafyrirtækja, þ. e. að innlán almennings, sem nutu ríkisábyrgðar, ættu ekki að vera nýtt til þess að fjármagna



fjárfestingabankastarfsemi í samkeppni við fjármálafyrirtæki sem ekki nytu ríkisábyrgðar á innlánum. Þau rök virðast ekki búa að baki fyrirbyggjandi þingsályktun heldur er hún studd rökum um fjármálastöðugleika. Þannig kemur fram í tillögunni að þegar áhættusækin fjárfestingabankastarfsemi er tvinnuð saman við viðskiptabankastarfsemi geta áföll í rekstri leitt til þess að kerfislega mikilvægir viðskiptabanka falli með tilheyrandi tjóni fyrir allt samfélagið.

Frá sjónarhóli fjármálastöðugleika er aðalatriðið að horfa til starfsemi sem bindur það mikið fjármagn að hún skapi hættu fyrir eigendur innlána, þ. e. almenning. Í því sambandi er mikilvægt að skoða eðli starfsemi viðskiptabanka annars vegar og fjárfestingabanka hins vegar.

Starfsemi viðskiptabanka byggist fyrst og fremst á því að sinna greiðslumiðlun og lána út fé sem fjármagnað er með innlánum, öðru lánsfé og eigin fé.

Fjárfestingarbanki, í sínu hreinasta formi, hefur það hlutverk að *sinna fjármálalegri milligöngu, þ.e. að leiða saman kaupendur og seljendur fjármálagerna á fjármálamarkaði*. Skilgreining á því hvað raunverulega felst í fjárfestingabankastarfsemi hefur verið nokkuð á reiki eins og áður segir, en almennt er litið svo á að fjárfestingabankastarfsemi sé samheiti yfir miðlun verðbréfa og ráðgjafabjónustu sem veitt er í tengslum við fjármögnun fyrirtækja og fjárfestinga, útboð verðbréfa, fyrirtækjakaup og aðrar fjárfestingar (verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf). Í umræðu og framkvæmd hefur starfsemin jafnframt verið talin ná yfir t.d. sölutryggingar, eigin fjárfestingar, viðskiptavaktir, varnir (t.d. afleiðusamningar) og eignastýringu. Þá er rétt að hafa í huga að lán til fyrirtækja hafa ekki verið talin til fjárfestingabankastarfssemi.

Það er afar mikilvægt að gera greinarmun á **fjárfestingabankastarfsemi** sem felur í sér litla eiginfjáráhættu en er mikilvæg stoð í þjónustuframboði banka og **fjárfestingarstarfsemi** þar sem eiginfjáráhætta er til staðar.

Í ljósi framangreinds er kjarni fjárfestingabankastarfssemi engan veginn áhættusækin í samanburði við almenna viðskiptabankastarfsemi. Fjárfestingar og slæmar lánveitingar til eignarhaldsfélaga áttu stóran hlut í íslenska bankahruninu og sama má segja um söfnun innlána erlendis og gengisbundin útlán til heimila og fyrirtækja, sem telst til hefðbundinnar viðskiptabankastarfssemi.

Út frá áhættudreifni teljast alhliða bankar, þ.e. bankar sem stunda bæði viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi, alla jafna öruggari en einstaka sérhæfðar einingar sökum þess að þeir hafa fjölbreyttari tekjustofna og fjármögnun. Aðskilnaður hér á landi myndi hafa töluverð áhrif á fjármögnun bæði viðskipta- og fjárfestingabanka þar sem færri valkostir stæðu hvorri einingu til boða.

Þá verður að benda á í þessu sambandi að viðskiptabankastarfsemi er ekki án áhættu og má færa að því rök að hún geti í eðli sínu verið áhættusamari en fjárfestingabankastarfsemi. Þannig má sjá á skýringarmynd um fjárbindingu og tekjur Arion banka 2016 að starfsemi viðskiptabanka krefst mikillar eiginfjárbindingar. Áhættuvogun eigna felur í sér að krafist er eiginfjárbindingar í samræmi við þá áhættu sem hver og ein eign ber. Eftir því sem áhætta eignar er metin meiri hækkar eiginfjárbinding vegna hennar. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að krefjast allt að 150% eiginfjárbindingar vegna allra áhættusömustu eigna. Hrein fjárfestingabankastarfsemi bindur nær ekkert eigið fé.

Fjárfestingabankasvið Arion banka samstendur af markaðsviðskiptum, þar sem miðlun verðbréfa og gjaldmiðla fer fram, gerð afleiðusamninga auk sölutrygginga í tengslum við útgáfu



verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og greiningardeild. Afar lítið eigið fé er bundið í þessari starfsemi þar sem hún nær nánast eingöngu til miðlunar fjármálagerna. Auk framangreinds fer fram markaðsvakt auk eigin viðskipta í tengslum við hana á Fjármálasviði bankans. Á meðfylgjandi skýringarmynd má sjá annars vegar eignir Arion banka eftir sviðum og hins vegar rekstrartekjur. Af myndinni má glögg sjá að fjárfestingabankasvið binda mjög lítið eigið fé á móti þeim tekjum sem það aflar. Þannig er ljóst að starfsemi fjárfestingabankasviðs er í raun til þess fallin að minnka áhættu af rekstri Arion banka í stað þess að auka hana.

1

Fjárbinding og tekjur – Arion banki 2016



Í ljósi framangreinds telur Arion banki að deila megi um þau grundvallar rök sem nefnd eru í umræðunni um að fjárfestingabankastarfsemi sé áhættusöm og skuli ekki vera fjármögnuð af innlánnum. Samspil fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi er til þess fallin að draga úr áhættu fjármálafyrirtækja því fjölbreyttari tekjugrunnur leiðir til þess að fyrirtæki eru betur í stakk búin til þess að mæta áföllum. Þá telur bankinn með öllu óvíst að það umfang sem sett er fram í þingsályktuninni sé rétt.

Skýrslur og lagabreytingar eftir fjármálaáfallið

Umræða um hugsanlegan aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingabanka hefur átt sér stað í mörgum löndum í kjölfar efnahagsáfalla á árunum 2008 og 2009. Margar leiðir hafa verið ræddar og rannsakaðar. Í þessu samhengi má nefna Liikanen nefndina sem gaf út skýrslu árið 2012². Skýrslan innihélt tillögur um breytingar á Evrópureglum sem miðuðu að því að takmarka ákveðna fjárfestingabankastarfsemi lánastofnana. Rannsóknarhópurinn skoðaði ítarlega

¹ Tafla þessi er í samræmi við ársreikning 2016.

² http://ec.europa.eu/internal_market/bank/docs/high-level_expert_group/report_en.pdf



mismunandi útfærslur fjármálafyrirtækja á tímabili hrunsins. Engin ein útfærsla, hvorki alhliða bankar (bæði viðskiptabanki og fjárfestingarbanki), hreinir fjárfestingarbankar eða viðskiptabankar/sparisjóðir komu betur út í hruninu. Jafnframt voru engin gögn sem bentu til þess að aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingarbanka stuðlaði að meiri fjármálastöðugleika.

Í kjölfar skýrslunnar fór af stað mikil vinna hjá Evrópusambandinu við að skapa umgjörð fyrir öruggara og gegnsærra fjármálakerfi. Afrakstur vinnunnar eru m.a. tilskipanirnar CRD IV³ og BRRD⁴. Á Íslandi hefur samhliða verið unnin mikil vinna við lagabreytingar og umbætur á sviði fjármálafyrirtækja. Lög nr. 75/2010 sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 höfðu það m.a. að markmiði að nýta þann lærdóm sem fólst í rannsóknarskýrslu Alþingis. Þá er mikil vinna framundan við innleiðingu tilskipana sem enn frekar minnka áhættu af starfsemi alhliða banka.

Hingað til hefur nálgun verið sú að íslensk löggjöf á sviði fjármálamarkaðar ætti eftir því sem kostur er að samræmast löggjöf annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu. Mjög sterk málefnaleg rök þurfa að vera fyrir því að ráðast í róttækar aðgerðir sem eru í ósamræmi við nágrannalönd okkar, en mikilvægt er að innan Evrópu sé samræmi í lagalegri umgjörð fjármálafyrirtækja. Að öðrum kosti er hætt við að íslenskar sérlausnir skaði enn frekar samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum og innlendu skuggabankakerfi.

Í *Bandaríkjunum* hefur sú leið verið valin að setja tilteknar takmarkanir á starfsemi viðskiptabanka í staðinn fyrir að leggja beint bann við samrekstri. Þannig er bönkum sem taka við tryggðum innlánnum óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning sem og að eiga og fjármagna vogunarsjóði og framtakssjóði. Í umfjöllun þingsályktunartillögunarinnar um Glass-Steagall ákvæðin í US Banking Act frá 1933 er leitt að því líkum að brottfall þeirra árið 1999 hafi leitt til bankakreppu Bandaríkjanna tæpum áratug síðar. Ekki er hægt að fallast á þessa nálgun enda er um að ræða mikla einföldun. Glass-Steagall ákvæðin voru innleidd í bankalöggjöfina kjölfar heimskreppunnar 1933. Á þeim árum var lögð áhersla á að viðskiptum almennings yrði haldið utan við áhættusamari starfssemi. Á árunum 1933 til 1999 breyttust Bandaríkin mikið og fjármálamarkaðir sérstaklega. Lögin urðu úrelt og höfðu ákvæði þeirra að mestu leyti verið felld úr gildi þegar þau voru endanlega felld á brott árið 1999. Hrun fjármálakerfis bandaríkjanna árin 2007-2008 var ekki bein afleiðing þess að Glass-Steagall ákvæðin voru afnumin og hefur verið bent á það að bæði Lehman bankinn og Bears Sterns voru t.d. hreinir fjárfestingarbankar. Þá má jafnframt benda á að fá ef nokkur fordæmi eru fyrir því að íslensk löggjöf hafi byggst á bandarískri löggjöf en uppbygging hennar er að efni til mjög ólíka íslenski löggjöf.

Í *Bretlandi* hefur verið ákveðið að girða viðskiptabankastarfsemi að einhverju leyti frá alþjóðlegri bankastarfsemi innan sömu samstæðu, en fullur aðskilnaður hefur ekki verið lagður til. Löggjöfin, sem þó hefur ekki tekið gildi, kveður á um að breskir bankar⁵ þurfi að girða af viðskiptabankastarfsemi sína þegar innistæður eru umfram 25 milljarða punda. Þá hafa eiginfjárkröfur einnig verið hertar til að auka getu banka til að takast á við fjármálaáföll. Mikil óvissa ríkir um framtíðarskipan breska fjármálakerfisins nú þegar Bretar stefna að útgöngu úr Evrópusambandinu.

Líkt og fram kemur í áfangaskýrslu starfshóps sem skipaður var af fjármálaráðherra og var ætlað að yfirfara lög hér á landi með það að markmiði að draga úr kerfisáhættu vegna starfsemi

³ <https://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/crd-iv/>

⁴ Tilskipun 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. *Bank Recovery and Resolution Directive - BRRD*) tók gildi í Evrópusambandinu 1. janúar 2015.

⁵ Þ.e. bankar er heyra undir breska lögsögu og eftirlit.



alhliða banka og kerfislegra mikilvægra fjármálafyrirtækja og auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins gegn áföllum hafa örfá ríki í Evrópu samþykkt löggjöf sem ætlað er að mæla fyrir um aðskilnað eða draga úr áhættu af starfsemi fjárfestingarbanka⁶. Sú löggjöf virðist eiga sammerkt að hún taki eingöngu til fárra og mjög stórra alþjóðlegra fjármálafyrirtækja auk þess sem löggjöfin hefur eftir því sem bankinn þekkir til ekki öðlast gildi enn og því ekki komin reynsla á tilvist hennar.

Þá má nefna að í skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra um framtíðarskipan fjármálakerfisins frá árinu 2012 er bent á að erfitt sé að setja einföld lagaákvæði um aðskilnað sem myndu skila tilætluðum árangri, einkum vegna þess hversu erfitt er að draga skilin á milli fjárfestingarbanka- og viðskiptabankastarfsemi.

Áhætta í fjármálastarfsemi ræðst ekki af formi eða skilgreiningu, heldur af regluverki, áhættuvilja, gæðum áhættustýringar og fjármálaeftirlits. Löggjafinn, eftirlitsaðilar og stjórnendur stærstu fjármálafyrirtækja skynja þetta enda hafa síðustu ár átt sér stað ýmsar grundvallarbreytingar á öllum þessum þáttum.⁷

- Hækkun á lágmarks eigin- og lausafjárkröfum, m.a. með innleiðingu eiginfjárauka.
- Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa verið auknar.
- Reglur um stórar áhættuskuldbindingar þrengdar.
- Bann lagt við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum eða stofnfjárbréfum.
- Lánveitingum til eigenda, stjórnar og starfsmanna hafa verið settar þröngar skorður.
- Heimildir til að eiga eigin bréf og virka eignarhluti þrengdar.
- Tenging aðila fer fram með öðrum hætti.
- Breytingar á eiginfjárútreikningi.
- Auknar hæfniskröfur eru gerðar til stjórnarmanna.
- Takmarkanir á hvatakerfum, kaupaukakerfum og starfslokasamningum.
- Aukin skattheimta og hækkun gjalda.
- Fjármálastöðugleikaráð sett á laggirnar.

Veigamesta breytingin snýr að eiginfjár- og lausafjárkröfum enda eigið fé og laust fé sá stuðpúði sem tryggir innlánseigendur fyrir tjóni. Ákvæði þessi hafa verið innleidd og eiginfjárkröfur, sem m.a. innihalda nýja eiginfjárauka, lagðar á innlend fjármálafyrirtæki í samræmi við nýja löggjöf.

Þessu til viðbótar er rétt að nefna BRRD tilskipunina⁸ sem fjallar um þrjá fasa; endurreisn, snemmbær inngrip og skilameðferð. Tilskipunin setur fram lágmarkskröfur vegna starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækja m.a. til að fjármálafyrirtæki séu betur í stakk búin til að bregðast fyrir við áföllum, til að draga markvisst úr áhættu í starfsemi þeirra og einnig í því skyni að hægt sé að meta fyrirfram hvaða áhrif mögulegt gjaldprot fjármálafyrirtækis hafi á fjármálastöðugleika. Er markmiðið það að með því að beina fjármálafyrirtækjum, sem geta haft áhrif á fjármálastöðugleika við gjaldprot, í fyrirfram ákveðinn farveg þegar hættuástand skapast sé hægt að koma í veg fyrir álag á eða fall fjármálakerfa. Þá gefur tilskipunin stjórnvöldum umfangsmiklar heimildir til þess að bregðast við erfiðleikum í rekstri fjármálafyrirtækja m.a. að endurskipuleggja þau og stofna ný fyrirtæki til að taka yfir skuldbindingar þeirra. Loks heimilar tilskipunin stjórnvöldum að færa niður eigið fé og ótryggðar skuldbindingar fjármálafyrirtækja til þess að endurreisa eiginfjástöðu þeirra. Með tilskipuninni eru innstæður settar í forgang umfram aðrar ótryggðar kröfur á fjármálafyrirtæki.

⁶ Skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra, September 2016, <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Afangaskýrsla-til-fjarmala--og-efnahagsradherra.pdf>

⁷ Hér er að miklu leyti vísað í þingskjal 1322, 138. löggjafarþing, 343. mál. Lög nr. 75 23 júní 2010, auk þeirra breytinga hafa orðið á lögum um fjármálafyrirtæki vegna innleiðingar á CRD IV. .

⁸ Tilskipun um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive)



Með lagabreytingum sem þegar hafa verið gerðar m.a. um hertar eiginfjárkröfur og væntanlega innleiðingu BRRD hefur og mun rekstrarumhverfi bankanna gjörbreytt. Markmiðið er að draga verulega úr hættunni á að kostnaður af fjármálahræðni lendi á sparifjáreigendum og skattgreiðendum.

Aðrar röksemdir gegn aðskilnaði

Eignarhald, Virði og aðskilnaður: Ekki er hægt að líta framhjá óvenjulegu eignarhaldi á íslenskum fjármálamarkaði og hvaða áhrif aðskilnaður gæti haft á virði íslensku bankanna. Ef sett verða séríslensk lög um aðskilnað⁹ dregur enn í sundur í samkeppnisumhverfi íslenskra banka við erlenda, en nú þegar eru eiginfjárkröfur mun stífari og sérstök skattheimta við lýði. Ef algjör aðskilnaður kæmi til þyrftu Arion banki, Íslandsbanki, Landsbanki og Kvika banki að selja eða leysa upp stóran hluta starfsemi sinnar. Yfirvofandi íþyngjandi löggjöf er líkleg til þess að lækka virði bankanna verði þeir brotnir upp áður en kemur að sölu þeirra.

Aukinn kostnaður: Í fjármálastarfsemi skiptir stærðarhagkvæmni máli. Hvert og eitt fjármálafyrirtæki þarf á áhættustýringu, lögræðipjónustu, regluvörslu, endurskoðun og uppgjörspjónustu að halda svo nokkrar mikilvægar stöðeiningar séu nefndar. Aðskilnaður myndi að líkindum auka við yfirbyggingu og stuðla að fjölgun starfsfólks í fjármálastarfsemi á Íslandi með samsvarandi kostnaðarauka. Aukið óhagræði kemur fram í lakari samkeppnisstöðu íslenskra banka gagnvart erlendum og eykur líkurnar á að stærstu fyrirtæki landsins færi viðskipti sín til erlendra banka. Þá getur aðskilnaður dregið úr samkeppni fjármálamarkaða og innlánastofnana sem gæti leitt til hærri vaxtamunar en ella.

Í framhaldinu er eðlilegt að spurt sé hvaða eiginfjárkröfu löggjafi og fjármálaeftirlit munu gera til hreinna viðskiptabanka eða fjárfestingarbanka. Síðan þurfa fjárfestar að spyrja sig hvaða ávöxtunarkröfu þeir munu gera. Möguleikar til að ávaxta eigið fé hreinna viðskiptabanka eru af skornum skammti og áhættudreifing minni. Því er hætt við að lögbundin eiginfjárfesting og ávöxtunarkrafa hluthafa leiði til hækkunar á vaxtamun og viðskiptakostnaði fyrir viðskiptavinum bankanna.

Lakari þjónusta: Í fjármálastarfsemi getur breiddarhagræði skipt viðskiptavinum miklu máli. Alhliða bankar njóta breiddarhagræðis og geta boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbreytt vöruframboð. Þannig koma fram samlegðaráhrif í sölu á þjónustu. Aðskilnaður gæti veikt þessa stöðu, dregið úr vöruframboði og leitt til lakari þjónustu, a.m.k. fyrst í stað. Þetta á fyrst og fremst við þjónustu við stærri fyrirtæki sem þurfa fjölbreytta bankþjónustu, s.s. lán, aðstoð við útgáfu verðbréfa og gjalddeyrisvarnir.

Aðskilnaður leysir ekki „of-stór-til-að-falla vandamálið“: Fjárfestingarbankastarfsemi er aðeins lítil hluti af starfsemi bankanna. Af því leiðir að jafnvel þótt algjör aðskilnaður yrði lögleiddur myndu samt sem áður standa eftir fjögur kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki,¹⁰ hvort sem þeir væru með ríkisábyrgð eða ekki.

Engin ríkisábyrgð á innstæðum. Því er haldið fram í þingsályktunartillögunni að innstæður njóti verndar hins opinbera en það er rangt. Ríkisstjórn Íslands sendi frá sér svohljóðandi yfirlýsingu þann 6. október 2008: *“Ríkisstjórn Íslands áréttar að innstæður í innlendum viðskiptabönkum*

⁹ Algjör aðskilnaður hefur ekki verið lögleiddur í neinum nágretta- né viðskiptalöndum okkar.

¹⁰ Fjármálastöðugleikaráð staðfesti skilgreiningu á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum á fundi 14. apríl 2015 en þá voru Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og Íbúðalánasjóður skilgreind sem kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar.



og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi verða tryggðar að fullu. Með innstæðum er átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tekur til.“ Yfirlýsingin var send vegna ótta ríkisstjórnarinnar um að bankarnir yrðu fyrir áhlaupi innstæðueigenda vegna yfirvofandi bankakreppu. Um var að ræða viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hvorki var byggð á lögum né fól í sér stjórnvaldsfyrirmæli. Ekki var greitt gjald skv. lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir, vegna yfirlýsingarinnar og var því aldrei um að ræða eiginlega ríkisábyrgð að ræða. Þann 9. september 2016 gaf ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu¹¹ þessu til samræmis þar sem fram kom að yfirlýsingin frá 2008 væri ekki lengur í gildi og væri ekki talin ástæða til þess að viðhalda viljayfirlýsingunni. Ástæðan var sú að frá því yfirlýsingin var gefin út hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á lagaumhverfi fjármálamarkaða, stofnunar fjármálastöðuleikaráðs og kerfisáhættunefndar. Kröfur um eigið fé hafa verið auknar verulega og gæði þess. Þessu til viðbótar er rétt að nefna að innstæður njóta forgangs við slit fjármálafyrirtækja í samræmi við 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldprotaskipti f.fl. nr. 21/1991.

Að lokum

Eins og staðan er í dag er aðskilnaður viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi ekki aðkallandi á Íslandi. Frá hruni hafa átt sér stað breytingar á löggjöf og eftirliti sem eru betur til þess fallnar að ná markmiðum þingsályktunarinnar en aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Þá hefði aðskilnaður í för með sér mikinn kostnað og þjónustuskerðingu, a.m.k fyrst í stað, og óljóst er hvort hann nái tilsettum markmiðum. Fjárfestingarstarfsemi bankanna á árunum fyrir hrun, sem átti lítið skylt við bankarekstur, leiðir til þess að fjárfestingarbankastarfsemi er talin mjög áhættusækin á Íslandi. Umræða einkennist oft á tíðum af neikvæðni í garð fjárfestingarbanka og alið á ótta um að áhættusæknir fjárfestingarbankar komist í sparnað landsmanna. Nauðsynlegt er að umræðan um umbætur í löggjöf á fjármálamörkuðum sé yfirveguð, upplýst og fordómalaus svo ekki verði uppbrot á fyrirtækjum án þess að það tryggi betur fjármálastöðugleika eða bæti samkeppnisumhverfi fjármálageirans.

Virðingarfyllst

Höskuldur H. Ólafsson
bankastjóri

¹¹ <https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Yfirlýsing-vegna-abyrgdar-a-innstaedum-islenska.pdf>